



## Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps  
þriðjudaginn 11. júní 2013 kl. 16.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutróð 5a, Reykhólum.

Mættir: Eiríkur Kristjánsson, Karl Kristjánsson og Sandra Rún Björnsdóttir varamaður. Einnig sátu fundinn Anna Greta Ólafsdóttir skólastjóri, Steinunn Rasmus f.h. kennara grunnskólasviðs, Herdís Erna Matthíasdóttir fyrir hönd foreldrafélags leikskólasviðs og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Eiríkur bauð fólk velkomið. Þá var gengið til dagskrár.

## Dagskrá:

### 1. 1306003 – Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 13. maí 2013.

*Farið yfir fundargerðina og var hún samþykkt.*

### 2. 1304027 – Kennslustundir kennara skólaárið 2013-2014.

Erindi frá skólastjóra dagsett 7. júní 2013, þar sem hann fer fram á 149 klst. kennslukvóta skólaárið 2013 – 2014.

*Nefndin samþykkir erindið samhljóða.*

### 3. 1306006 – Sálfræðipjónusta á svæði félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps.

Erindi frá félagsmálastjóra dagsett 30. maí 2013.

*Mennta- og menningarmálanefnd tekur eindregið undir erindið og telur þörfina brýna. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið.*

## Mál til kynningar:

### 4. 1306004 – Mánaðarskýrsla skólastjóra.

*Skólastjóri fór yfir skýrslu mánaðarins.*

### 5. 1306005 – Ársskýrsla Reykhólaskóla.

*Málinu frestað til næsta fundar.*

### 6. 1305011 – Viðhorfskönnun í Reykhólaskóla, útkoma.

*Málinu frestað til næsta fundar.*

### 7. 1306007 – 132. fundur skólanefndar Menntaskólans á Ísafirði 13. maí 2013.

*Fundargerð lögð fram.*

## Önnur mál (ef einhver):

### 8. 1306028 – Kennslutímar skólastjóra skólaárið 2013-2014.

Erindi frá skólastjóra dagsett 11. júní 2013, þar sem hún fer fram á að kennsluskylda skólastjóra við grunnskóladeild skólaárið 2013-2014 falli niður.

*Skólastjóri fór yfir erindið og rökstuddi það. Mennta- og menningarmálanefnd samþykkir erindið samhljóða.*

**9. 1306029 – Umsókn um umsjón með bekk.**

Erindi frá skólastjóra dagsett 11. júní 2013. 7.-10. bekkur Reykhólaskóla verður í samkenndu skólaárið 2013-2014. Óskað er eftir því að kennari þessa bekkjar fái greitt sem umsjónakennari í þó svo að nemendafjöldi sé undir viðmiðum.

*Mennta- og menningarmálanefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki erindið. Samþykkt samhljóða.*

**Fundargerð lesin, fundi slitið kl. 17.**

---

---

---